

# Fundargerð

## Sjöundi fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams og á Suðurlandsbraut 24 þann 7. feb, 2024 kl. 15:00-16:30

### Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda  
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Borgný Katrínardóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands  
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

### Markmið fundar/Dagskrá

1. Tökum stöðuna á drögum að verndaráætlunum – rennum í gegnum áætlunina
  2. Skoðum kort af Látrabjargi
  3. Förum yfir upplegg á landeigendafundi sem áætlaður er 19. febrúar
  4. Önnur mál.
1. Álagsstýring – Umræður voru um að fjalla nánar um álagsstýringu í áætluninni sbr. ákvæði í auglýsingu um friðlýsingu– Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu finna góðan stað í áætluninni fyrir slíka umfjöllun.

Bleytutið – umræður um svæðið þegar slóðar verða erfiðir yfirferðar vegna bleytu – einkum í tengslum við möguleika á stýringum og takmörkun umferðar. – Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu bæta við sérreglu í áætlunina sem miðar að því að einfaldara verði að loka svæðum vegna gróðurverndar.

Áfangastaðir – Rætt var um áfangastaðinn Bjargtanga og mikilvægi þess að ástandsmeta, en ein forsenda fyrir álagsstýringu er ástandsmat.

Skilti – Rætt var um þann möguleika að laga skiltið sem fólk keyrir framhjá þegar það er komið fram hjá salernum á Brunnum sem eru utan hins friðlýsta svæðis – Fulltrúar UST munu bæta því inn sem aðgerð, að lagfæra skilti -

Útsýnisstaðir -umfjöllun um hvort það eigi að ávarpa útsýnisstaði sem eru á þessu svæði? Rædd var afstaða landeigenda varðandi það að hanna frekari útsýnisstaði við Látrabjarg til að auka stýringu. Samstarfshópur sammála um að það sé jákvætt að beina fólki á rétta staði sem hafa þá innviði sem þörf er á og auðveldara að hafa eftirlit með – þá yrði áherslan á að slík uppbygging yrði afturkræf – Bætt verður við umfjöllun um þann möguleika að skoða hvort hanna megi útsýnisstaði betur og stýra fólki þangað, í líkingu við það sem nú þegar er við Látrabjarg, t.d. hellulögn. Þessar hugmyndir koma til álita í tengslum við það þegar hringgengur stígur verður hannaður og samhliða ráðgjöf hönnuða.

Gönguleiðir – umræður um hvort ávarpa eigi fleiri gönguleiðir innan friðlandsins? Gamlar alfaraleiðir um Seljadal til dæmis. - Eða á að sleppa því? Samstarfshópur sammála um að það sé ekki þörf á að fjalla sérstaklega um þessar leiðir þó það væri gaman að halda utan um þessi gögn á öðrum stað, s.s. á örnefnakorti eða í umfjöllun á heimasíðu.

## Stjórnunar- og verndaráætlanir

Klifur – Varðandi sérreglu um klifur þá var samstarfshópur sammála því að sú regla sé sett í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veiðar - Lagaákvæði í villidýralögum – rætt var um 10. gr. villidýralaga þar sem kemur fram að veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs – samstarfshópur var sammála um að gera grein fyrir þessari grein í stjórnunar- og verndaráætlun þar sem veiðar á fugli teljast ekki til hefðbundinna nytja. Umræður komu fram um áhyggjur landeigenda af ákveðnum tegundum sem herjar á unga og egg á vorin. Í fyrrnefndu lagaákvæði kemur fram heimild ráðherra til að aflétta tímabundið eða rifta friðun gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samstarfshópur var sammála um að það væri gott að ávarpa þessa heimild í kafla um veiðar ef til þess kæmi að grípa þurfi inn í með aðgerðum.

Ágengar tegundir – fram kom á fundinum að risahvönn hafi fundist á svæðinu – frekari upplýsinga um það verður aflað og umfjöllun í áætlun breytt í samræmi.

Eggjataka - umræða um takmörkun á eggjatöku og hvað liggja myndi að baki henni. Ef til þess kæmi að slík heimild væri nýtt myndi hún byggjast á niðurstöðum rannsókna og samráði í skilmálunum er hópnum gert að fjalla um tilhögun eggjatöku og settur var fram texti um hana - þar kemur fram að landeigendum sé ekki heimilt að framselja eggjatökurétt sinn – Náttúrufræðistofnun lagði það til og landeigendur eru sammála því - svo það er komið inn sem sérregla, með undanþágu með leyfisveitingu.

2. Farið var yfir kort af Látrabjargi þar sem þau örnefni sem til staðar eru í kortagrunni eru sett fram – næstu skref með kortagerð er að Umhverfisstofnun gerir tillögu að einföldu korti með helstu örnefnum og leggur fyrir samstarfshóp. Fulltrúi landeigenda fer í þá vinnu að rýna hin örnefnin og skoða hvort þau séu rétt sett fram svo hægt sé að halda til haga upplýsingum um þau á heimasvæði Látrabjargs á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

### Næstu skref:

- *Umhverfisstofnun gerir fyrstu drög að einföldu kort af svæðunum með helstu örnefnum og leggur fyrir samstarfshóp, fulltrúar landeigenda fara í þá vinnu að skoða nánar kort með öllum örnefnum sem eru notuð á Látrabjargi.*
- *Mánudaginn 12. febrúar munu fulltrúar Umhverfisstofnunar senda drög að áætlun á fulltrúa landeigenda í samstarfshópi. Þau senda drögin áfram á alla landeigendur í rýni fyrir opna kynningarfundinn 19. febrúar.*
- *Opinn „hybrid“ kynningarfundur fyrir landeigendur verður haldinn á Suðurlandsbraut 24, þann 19. febrúar 2024.*
- *Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu senda fulltrúa Ní kafla um dýralíf og gróður til yfirlstrar áður en verndaráætlunin fer í almenna kynningu.*